

# FJÁRMÁLA~~EFTIRLITIÐ~~

Tilvísun: 2009030087

## ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um skipan skilanefndar fyrir Sparisjóðabanka Íslands hf.

Þann 6. október sl. voru samþykkt á Alþingi lög um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., nr. 125/2008, sem fólu í sér breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálfyrirtæki og öðrum lögum. Með lögunum eru Fjármálaeftirlitinu meðal annars fengnar heimildir til að grípa til sérstakra ráðstafana, vegna sérstakra aðstæðna eða atvika, í því skyni að takmarka tjón eða hættu á tjóni á fjármálamarkaði. Meti Fjármálaeftirlitið það svo að aðstæður séu mjög knýjandi getur það meðal annars tekið yfir vald hluthafafundar, vikið stjórn fjármálfyrirtækis frá störfum og skipað skilanefnd og/eða tekið yfir eignir, réttindi og skyldur fjármálfyrirtækis í heild eða að hluta eða ráðstafað slíku fyrirtæki í heild eða að hluta meðal annars með samruna þess við annað fyrirtæki, sbr. 100. gr. a laga um fjármálfyrirtæki, eins og þeim var breytt með lögum nr. 125/2008.

Þann 21. mars sl. var ljóst að staða Sparisjóðabanka Íslands hf. var orðin þannig að ákvæði 100. gr. a laga um fjármálfyrirtæki áttu við um bankann. Var það mat Fjármálaeftirlitsins að yfirvofandi og alvarlegur lausafjárvorkur bankans, og viðvarandi eiginfjárvandi, fæli í sér knýjandi aðstæður í skilningi 3. mgr. 100. gr. a fyrrgreindra laga. Tók Fjármálaeftirlitið því ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda Sparisjóðabanka Íslands hf. til Nýja Kaupþings banka hf. og Seðlabanka Íslands.

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins þann 21. mars sl. var ekki tekin ákvörðun um skipan skilanefndar fyrir Sparisjóðabanka Íslands hf. enda var gert ráð fyrir að yfirlæstingarinn innlána tæki skamman tíma og væri einföld í framkvæmd. Vegna tæknilegra vandkvæða hefur yfirlæstingarinn innlána hins vegar tafist og hefur Fjármálaeftirlitið því ákveðið að taka eftirfarandi ákvörðun.

**ÞAÐ ER ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS** að taka yfir vald hluthafafundar Sparisjóðabanka Íslands hf. og víkja félagsstjórn í heild sinni frá störfum þegar í stað. Fjármálaeftirlitið skipar jafnframt hér með skilanefnd sem tekur við öllum heimildum stjórnar félagsins samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög nr. 2/1995, í samræmi við 100. gr. a laga um fjármálfyrirtæki. Skilanefnd skal fara með öll málefni Sparisjóðabanka Íslands hf., þar á meðal að hafa umsjón með allri meðferð eigna bankans, svo og að annast annan rekstur hans. Skilanefnd skal fylgja ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins á grundvelli 100. gr. a laga um fjármálfyrirtæki og starfa í samráði við Fjármálaeftirlitið.

Ákvæði 64. og 65. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eiga ekki við meðan skilanefnd fer með málefni fjármálafyrirtækisins. Á sama tíma verður ekki komið fram gagnvart fjármálafyrirtækinu aðfarargerð á grundvelli laga um aðför eða kyrrsetningu á grundvelli laga um kyrrsetningu, lögbannd o.fl.

Í skilanefnd hafa verið skipaðir:

- Þorvarður Gunnarsson, löggiltur endurskoðandi, formaður, kt. 140554-2279
- Erling Tómasson, löggiltur endurskoðandi, kt. 101178-3239
- Hjördís Edda Harðardóttir, hrl., kt. 180464-5819
- Jón Ármanн Guðjónsson, hdl., kt. 060468-3039
- Áslaug Björgvinsdóttir, dósent, kt. 120866-4279

Ákvörðun þessi var tekin af stjórn Fjármálaeftirlitsins og öðlast hún þegar gildi. Engin vanefndaúrræði viðsemjenda skulu taka gildi sem afleiðing af ákvörðun þessari.

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

27. mars 2009



Gunnar Haraldsson

Formaður stjórnar



Ragnar Haflidason

Forstjóri